

Fimmtudaginn 27. október 1994.

Nr. 263/1992.

Inger Vikelsöe-Jensen

Atli Halldórsson

Kári Halldórsson

Magnús Halldórsson

Halla Þórhallsdóttir

Hörður Þórhallsson

Jón Karl Þórhallsson

Egill Már Markússon

Kristín Markúsdóttir

Sigurjón Markússon

Örn Markússon

Gríma H. Sveinbjörnsdóttir

Jónas Þór Sveinbjörnsson og

Kópur Sveinbjörnsson

(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)

gegn

Minningarsjóði Ársæls Jónassonar kafara

(Jóhann H. Níelsson hrl.)

Erfðaskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1992. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur þeirra í héraði verði teknar til greina, þ. e., að erfðaskrá 9. júlí 1983 eða aðrar erfðaskrár Ársæls Jónassonar verði ekki lagðar til grundvallar við skipti á dánarbúi hans, heldur verði arfi skipt samkvæmt I. kafla erfðalaga nr. 8/1962. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

Áfrýjendur halda því fram, að með erfðaskrá 14. október 1984 og yfirlýsingu sama dag svo og með yfirlýsingu frá 12. október 1989 hafi

Ársæll heitinn Jónasson tekið aftur erfðaskrá þá, sem hann gerði 9. júlí 1983. Fallast ber á það með skiptaráðanda, að í framangreindum skjölum komi ekki fram ótvíræður vilji Ársæls heitins til afturköllunar erfðaskrárinnar. Aftur á móti koma fram í skjölunum frá 14. október 1984 ráðagerðir arfleifanda um breytingar á erfðaskránni, sem ekki er unnt að meta gildar, þar sem skjölin uppfylla ekki reglur erfðalaga um form erfðaskráa. Yfirlýsingin frá 12. október 1989 felur eingöngu í sér fyrirætlun um að gera erfðaskrá síðar, sem aldrei varð. Þá verður eigi fallist á það, að erfðaskráin frá 9. júlí 1983 sé ógild vegna efnis síns. Gerð hefur verið skipulagsskrá um minningarsjóð þann, sem erfðaskráin mælir fyrir um, en efni hennar er ekki til skoðunar í máli þessu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð með vísan til forsendna hans.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað in solidum fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Áfrýjendur, Inger Vikelsöe-Jensen, Atli Halldórsson, Kári Halldórsson, Magnús Halldórsson, Halla Þórhallsdóttir, Hörður Þórhallsson, Jón Karl Þórhallsson, Egill Már Markússon, Kristín Markúsdóttir, Sigurjón Markússon, Örn Markússon, Gríma H. Sveinbjörnsdóttir, Jónas Þór Sveinbjörnsson og Kópur Sveinbjörnsson, greiði in solidum stefnda, Minningarsjóði Ársæls Jónassonar kafara, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 8. apríl 1992.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 23. mars sl.

Af hálfu sóknaraðila er gerð sú krafa, að erfðaskrá, dags. 9. júlí 1983, eða aðrar erfðaskrár Ársæls Jónassonar verði ekki lagðar til grundvallar við skipti á dánarbúi hans, heldur verði arfi skipt skv. I. kafla laga nr. 8/1962.

Af hálfu varnaraðila eru gerðar svofelldar kröfur:

1. að kröfum sóknaraðila verði hafnað,

2. að erfðaskrá Ársæls Jónassonar kafara, dagsett 9. júlí 1983, verði metin gild og hún lögð til grundvallar við skipti á dánarbúi Ársæls,
 3. að sóknaraðilar verði in solidum dæmdir til þess að greiða varnaraðila málskostnað skv. taxta LMFÍ. Þá er þess krafist, að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1985 fimmtán dögum eftir uppsögu úrskurðar í þessu máli.
- Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að 3. mars 1990 andaðist Ársæll Jónasson, kt. 021001-2449, sem síðast átti lögheimili að Hringbraut 63 í Reykjavík. Hinn látni lét ekki eftir sig skylduerfingja. Eiginkona hans, Guðrún Geisler Jensen, andaðist 25. mars 1960, og var Ársæll einkaerfingi hennar, en þau hjón voru barnlaus.

Lögerfingjar Ársæls heitins eru eftirtalin systkinabörn, systkinabarnabörn og mágkona hans: Magnús Halldórsson, kt. 121225-3019, Atli Halldórsson, kt. 030724-4969, Kári Halldórsson, kt. 030623-4449, Jónas Halldórsson, kt. 300621-3419, og Kristín Halldórsdóttir, kt. 170917-4139, en þau eru börn látinnar systur Ársæls, Maríu Jennýjar Jónasdóttur, Halla Þórhallsdóttir, kt. 150724-3689, Jón Karl Þórhallsson, kt. 281020-2189, og Hörður Þórhallsson, kt. 280327-3529, en þau eru börn látins bróður Ársæls, Þórhalls Jónassonar, Kristín Markúsdóttir, kt. 191168-4029, og Egill Már Markússon, kt. 251064-2189, en þau eru börn látins bróðursonar Ársæls, Markúsar Þórhallssonar, Gríma Sveinbjörnsdóttir, kt. 070631-4079, Jónas Þór Sveinbjörnsson, kt. 130535-2089, og Kópur Sveinbjörnsson, kt. 300342-2059, en þau eru börn Sveinbjörns Jónassonar, látins bróður Ársæls, Inger Vikelsøe-Jensen, Lærkevang 11, 3250 Gilleleje, Danmörku, en hún er mágkona Ársæls, þ. e. systir Guðrúnar heitinnar. Allir framangreindir lögerfingjar eru sóknaraðilar máls þessa að undanteknum Jónasi Halldórssyni og Kristínu Halldórsdóttur.

Að ósk sóknaraðilans Höllu Þórhallsdóttur var dánarbúið tekið til opinberra skipta. Eignir búans voru skrifaðar upp 11. apríl 1990, og reyndust þær verulegar. Við uppskriftina kom fram annars vegar afrit óvottfestrar erfðaskrár, sem Ársæll hafði gert 9. júlí 1983, og hins vegar ljósrit sömu erfðaskrár vottfestrar. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós vottfest frumrit erfðaskrárinnar, sem reyndist vera í fórum Unnsteins Beck hrl. Hefur frumrit þetta verið lagt fram sem dskj. nr. 9. Reis ágreiningur milli sóknar- og varnaraðila þessa máls varðandi gildi erfðaskrár þessarar, og var reynt til hins ýtrasta að ná sáttum, en það bar ekki árangur, og á skiptafundi, sem

haldinn var í búinu 29. október 1991, var ákveðið að reka sérstakt skiptaréttarmál um ágreining þennan.

Erfðaskrá sú, sem um er deilt í máli þessu, er svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Ársæll Jónasson, 0591-9169, Hringbraut 63, Reykjavík, ráðstafa hér með eftirlátnum eigum mínum með svofelldri

ARFLEIÐSLUSKRÁ

Af öllum eignum, sem ég læt eftir mig, hverju nafni sem nefnast, skal mynda sjóð, er nefnist Minningarsjóður Ársæls Jónassonar kafara. Stjórn sjóðsins skulu jafnan skipa formaður Björgunarsveitarinnar Ingólfs í Reykjavík, forseti Slysavarnafélags Íslands og forseti Ferðafélags Íslands og auk þeirra frændi minn, Jónas Halldórsson trésmiður, Langholtsvegi 178, og Hilmar Foss, löggiltur skjalaþýðandi, Hafnarstræti 11. Að Jónasi og Hilmarí frá gengnum skulu einhverjir af ættingjum mínum í móðurætt taka sæti þeirra eftir tilnefningu þess, sem vikur úr stjórninni, en njóti hans ekki við, skal sá af hinum tveim síðastnefndum, sem eftir situr, tilnefna eftirmanninn.

Tilgangur sjóðsins er að leggja fé til þeirra framkvæmda, sem gerð er grein fyrir hér á eftir.

Sjóðurinn skal ávaxtaður óskertur að viðbættum tekjum til ársloka 1989, og aldrei má ráðstafa úr honum meiru en hálfum árstekjum hans. Árið 1990 skulu hálfar árstekjur sjóðsins renna til Björgunarsveitarinnar Ingólfs til kaupa á björgunartækjum, og upp frá því skal helmingi tekna annars hvers árs varið á sama hátt.

Það árið, sem ekki er úthlutað til björgunarsveitarinnar, skal helmingi af tekjum sjóðsins varið á þann hátt, að þær renni til Ferðafélags Íslands til þess að gera vélknúna strengjabraut upp á Kistufell í Esju.

Framlög þessi eru háð því, að jafnhátt framlag komi á hverjum tíma á móti frá viðkomandi félagi.

Falli niður framlag eitthvert ár frá félaginu, fellur úthlutun til þess niður það ár, og allar tekjur ársins leggjast við höfuðstól sjóðsins.

Við búskipti eftir mig er heimilt að selja lausafé búsins, en fasteignir þess má aldrei selja, og gildir það jafnt um fasteignir hér í Reykjavík sem jarðarhluta, sem ég á austur í Árnessýslu. Sama gildir um hlutabréf mín í Eimskipafélagi Íslands. Sjóðstjórn er heimilt að kaupa hlutabréf til viðbótar þeim, sem fyrir eru. Þrátt fyrir framangreint ákvæði er heimilt að selja hlut minn í Vesturgötu 24, sem ég á í sameign við erfingja foreldra minna.

Lausafé sjóðsins skal ávallt ávaxta á hagkvæmastan og fyllilega tryggan hátt, t. d. í verðtrygðum spariskírteinum ríkissjóðs.

Nánari skipulagsskrá mun ég gera um sjóðinn, en falli ég frá, áður en það er gert, fel ég Unnsteini Beck hrl., Smáragötu 11, að setja honum skipulagsskrá í samræmi við framanritað og að öðru leyti með þær hugmyndir í huga, sem ég hef gert honum grein fyrir.

Sem skiptastjóra að dánarbúi mínu tilnefni ég frænda minn, Jónas Halldórsson, Langholtsvegi 178, Reykjavík.

Til staðfestu er nafnritun mín í viðurvist tilkvaddra votta.

Reykjavík, 9. júlí 1983.

Ársæll Jónasson (sign.)

Ár 1983, laugardaginn 9. júlí, vorum við undirritaðir kvaddir vottar viðstaddir, er Ársæll Jónasson kafari undirritaði framanritaða arfleiðsluskrá að Þingholtsstræti 3 í Reykjavík. Undirritaði hann skrána af fúsum og frjálsum vilja, algáður og andlega heill, og kvað skrána hafa vilja sinn að geyma.

Reykjavík D.U.S.

Guðfinnur Árnason (sign.), 2889-7456,
Skjólbraut 7 A.

Unnsteinn Beck (sign), 8992-2356,
Smárag. 11.“

Hvað varðar sjóð þann, sem erfðaskráin mælir fyrir um, að stofnaður verði, er þess að geta, að stjórn hans kom saman 9. júlí 1991 og fól Unnsteini Beck hrl. að gera skipulagsskrá fyrir hann í samræmi við fyrirmæli erfðaskrárinnar. Gerði hann skipulagsskrá 21. júlí 1991, og hefur hún verið lögð fram sem dskj. nr. 10.

Þá fundust í fórum hins látna ljósrít erfðaskrár, dagsettrar 14. október, og yfirlýsing sama dags. Einnig fannst ódagsett og óundirrituð erfðaskrá. Hér á eftir verður reifað efni þessara skjala.

1) Erfðaskrá, dagsett 14. október 1984, sem lögð hefur verið fram sem dskj. nr. 4, er svohljóðandi:

„Reykjavík 14. okt. 1984. Hér er skráð viðbót og breytingar við erfðaskrá er Unnsteinn Beck gerði 9. júlí 1983.

ERFÐASKRÁ

Ég undirritaður, Ársæll Jónasson, björgunarmaður, salvage expert og kafari, til heimilis Hringbraut 63, Reykjavík (0591-9169), sem á enga skylduerfingja, geri hér með eftirfarandi ráðstöfun á öllum eignum mínum, föstum og lausum, eftir minn dag:

1) Allar eignir mínar, hverju nafni sem nefnast, skulu renna í sjóð, er ber nafn mitt. Þrír aðilar skulu njóta styrkja úr þessum sjóði. Fyrsta árið, sem úthlutað er, skal 1/3 af tekjum sjóðsins (hreinum tekjum) fara til Björgunar-

sveitar Slysavarnafélags Íslands í Reykjavík til verkefna, er tengjast að meginefni björgun mannslífa á sjó, að því tilskildu, að jafnhá upphæð komi annars staðar frá.

$\frac{2}{3}$ hlutar af ársgóða af eignum sjóðsins skulu leggjast við höfuðstól sjóðsins, sem aldrei má skerða.

Annað árið skal einnig $\frac{1}{3}$ af ársgóða renna til þess að gjöra veg og vélbraut (strengjabraut) upp á Kistufell í Esju, einnig með því skilyrði, að jafnhá upphæð komi annars staðar frá. Verði það ekki, skal allur ágóðahlutinn leggjast við höfuðstól sjóðsins það árið, þann er ekki má skerðast.

Þriðja ársúthlutunin, af henni skal $\frac{1}{3}$ ganga til þess rithöfundar eða blaðamanns í Reykjavík eða hvers þess manns, er ritar og uppfærðir um kennslu í verklegri sjóvinnu og stuðlar með því að menntun og öryggi meðal íslenskra sjómanna. $\frac{2}{3}$ hlutarnir leggjast við höfuðstólinn. Einnig skulu þær ritgerðir stuðla að því, að í Reykjavík verði byggður og starfræktur alvöru-sjóvinnuskóli. Rísi ágreiningur um, hver hljóta skuli ritstyrkinn, skulu siglingamálastjóri, fiskimálastjóri og formaður Farmannasambandsins eða þrír aðrir hæfir menn skera úr og ákveða, hver styrkinn skal hljóta. Ég leyfi mér að nefna í stjórn sjóðsins herra Jónas Halldórsson, Langhóltsvegi, og son hans varamann, Sigurð Jónasson, Nönnugötu, formann Ferðafélags Íslands. Hilmar Foss (og hann nefni sér varamann), formann Björgunarsveitar Slysavarnafélags Íslands í Reykjavík (og hans varamann Jónas Guðmundsson rithöfund) og forseta Slysavarnafélags Íslands.

— — —

Minn hlut í Vesturgötu 24 skal selja við fyrstu hentugleika, og Bátanaust hf. skal selja við gott tækifæri í samráði við hr. Karl M. Einarsson skipasmið. Allar aðrar eignir mínar má ekki selja, en yfirfæra til eignar sjóðnum og leigja út til styrktar sjóðnum.

Reykjavík, 14. okt. 1984.

Ársæll Jónasson (sign.)

Vottar að undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

Hilmar Foss, 4119-7587 (sign.),

Guðni Stefánsson, 3139-3671 (sign.).“

2) Yfirlýsing, dagsett 14. október 1984, sem lögð hefur verið fram sem dskj. nr. 5, er svohljóðandi:

„Reykjavík, 14. október 1984.

Hér er gerð viðbót og þar með breyting á erfðaskrá minni, er Unnsteinn Beck gerði 9. júlí 1993:

Bílskúr (verkstæði) við Hringbraut 63 skal vera eign sjóðsins eins og aðr-

ar eignir mínar og lúta sjóðstjórn. En Jónas Halldórsson og sonur hans, Sigurður, skulu hafa óskert afnot af skúrnum og þeim verkfærum og tækjum, sem þar eru, svo og aðgang að þvottahúsi og salerni í kjallara, svo sem nauðsynlegt þykir við starf þeirra í skúrnum (verkstæðinu). Leigugreiðsla skal engin vera að öðru leyti en því, sem hér greinir: Þeir feðgar skulu í staðinn: 1. Þrifa vel við skúrinn og húsið, halda við hurðum og gluggum og einnig kjallara hússins og mála á hverju vori. Þeir skulu að sjálfsögðu ekki leggja fram fé til viðgerða, það skal sjóðurinn greiða. Og allt gler skal sjóðurinn hafa tryggt. Einnig skulu þeir feðgar hreinsa og sjá um garðinn og taka hann verulegu taki til umbóta vor og haust og svo líta eftir þakplötum hússins og festa þær og laga, ef með þarf.

Um leið vil ég mælast til þess, að björgunarsveitarmenn sjái um leiði konu minnar í Fossvogsgarði og foreldra minna í Vesturbæjarkirkjugarði og, ef þeir eru á ferð við Hraungerði í Flóa, að hirða um leiði afa míns og ömmu, eins og ég hef gert. Kostnað, ef með þarf að leggja út, skal sjóðurinn greiða.

Reykjavík, 14. október 1984.

Ársæll Jónasson (sign.)

Vottar að undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

Hilmar Foss, 4119-7587 (sign.),

Guðni Stefánsson, 3139-3671 (sign.).“

3) Erfðaskrá, ódagsett og óundirrituð, sem lögð hefur verið fram sem dskj. nr. 6, er svohljóðandi:

„Ég undirritaður, Ársæll Jónasson kafari, til heimilis Hringbraut 63, Reykjavík, gjöri hér með eftirfarandi ráðstöfun á öllum eignum mínum, föstum og lausum, eftir minn dag, en ég á engin börn á lífi né eiginkonu.

1.

Allar eignir mínar, hverju nafni sem nefnast, skulu renna í sjóð, er ber nafn mitt. Sjóðnum skal varið til styrktar nemendum í Sjóvinnuskóla Íslands og, þar til hann hefur verið stofnaður, til styrktar nemendum í Stýrimannaskóla Íslands. Alltaf skulu $\frac{2}{3}$ af tekjum sjóðsins lagðir við höfuðstól og einungis $\frac{1}{3}$ hluti koma til úthlutunar.

2.

Menntamálaráðuneytið skal taka við arfinum og setja skipulagsskrá um sjóðinn í samræmi við erfðaskrá þessa.

3.

Eign mína í Hringbraut 63, Reykjavík, má ekki selja, heldur skal hún eign sjóðsins og leigan að frádregnum viðhaldskostnaði renna í sjóðinn. Hlutabréf mín í Eimskipafélagi Íslands og öðrum fyrirtækjum má ekki heldur selja, heldur skulu þau skráð á nafn sjóðsins. Eign mín í Torftu í Haukadal skal skráð á nafn sjóðsins, og má sjóðurinn ekki selja hana, fyrr en hveraorkan verður virkjuð og raunverulegar tekjur af heita vatninu verða því hærri en nú er.

4.

Lausafé mitt skal yfirleitt selt á uppboði að hausti til. Málverk og aðrir listmunir skulu fara á listmunauppboð, en aðrir hlutir á almenn uppboð.

Kafaraáhöld mín skulu þó fyrst boðin Vitamálaskrifstofunni til kaups fyrir matsverð.

Frímerki mín og gullmynt má sjóðurinn fyrst selja á 100 ára afmæli mínu, þann . Þetta skal hann selja frjálsri sölu, þannig að sem mest fáiast fyrir það.

5.

Bankabox mín eru nr. 33 og 303 við Búnaðarbankann í Austurstræti, nr. 433 við Landsbankann að Laugavegi 77 og nr. 433 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg, og nr. 33 í Útvegsbanka Íslands.

6.

Til þess að fara með bú mitt og afhenda það menntamálaráðuneytinu samkvæmt 2. gr. tilnefni ég þá hr.

7.

Erfðaskrá þessi skal gerð í viðurvist notarii publici og innfærð í Notarialbók Reykjavíkur. Skal afrit úr bókinni hafa sama gildi og frumrit skrárinnar, ef það skyldi glatast.

Reykjavík,

(Vottorð notariusar . . .)“

Við upphaf skiptameðferðar búsins barst skiptaráðanda bréf Reinholds Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, dagsett 8. mars 1990. Við bréf þetta er viðfest skjal, undirritað af Reinhold og Ársæli Jónassyni. Rétt þykir að reifa efni þessa bréfs Reinholds og viðfesta skjals, en það hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 3. Bréf Reinholds er svohljóðandi:

„Reinhold Kristjánsson hdl.,
c/o Landsbanka Íslands,
Laugavegi 7, R.

Reykjavík, 8. mars 1990.

Skiptaráðandinn í Reykjavík,
Skógarhlíð 6,
150 Reykjavík.

Sendi yður hjálagt „skjal“, sem ég skrifaði 12. október 1989, er til mín kom gamall fjölskylduvinur, Ársæll Jónasson, Hringbraut 63, sem nú er látinn, hann lést 3. mars sl.

Hann bað mig þá um að útbúa erfðaskrá sína, eins og fram kemur í „skjalinu“. Þá var ætlunin að útfæra hana skömmu síðar, en af því varð ekki.

Hann sagði mér jafnframt, að fyrir lægi erfðaskrá, er Unnsteinn Beck hrl. hefði útbúið, en hann vildi nú breyta henni í þá veru, er fram kemur í „skjalinu“, og væri Unnsteini Beck kunnugt um þann vilja sinn.

Virðingarfyllst,

Reinhold Kristjánsson hdl. (sign.)“

Skjal það, sem fylgir bréfi Reinholds, er handskrifað og er svohljóðandi:

„Til mín kom á skrifstofu mína að Laugavegi 7, Reykjavík, 12. október kl. 3.30 Ársæll Jónasson, Hringbraut 63, Reykjavík.

Hann fól mér að útbúa erfðaskrá sína og tjáði mér, að andvirði allra eigna hans ásamt peningum í banka skyldu renna til að stofna sjóð. Úr sjóðnum skyldi síðan greiða sem nemur 45% af árlegum vöxtum til skógræktar á landeignum hans að Miðmeðalholti, Flóa, Árnessýslu, og Þingdal, Flóa, Árnessýslu. Varð að samkomulagi, að ég útfærði erfðaskrá fyrir hann á næstu dögum.

Reykjavík, 12. 10. '89

Reinhold Kristjánsson hdl. (sign.)

Rétt: Ársæll Jónasson (sign.)

Vottað:

Jakob Steingrímsson (sign.),
201243-3439.“

III.

Í máli þessu hefur gefið vitnaskýrslu Unnsteinn Beck hæstaréttarlögmaður. Í skýrslu hans kom fram, að hann samdi erfðaskrá Ársæls frá 9. júlí 1983

samkvæmt fyrir sögn hans. Hvað varðar efni erfðaskrárinnar, þá hafi honum fundist hún dálítið fjarstæðukennd, eins og t. d. þetta með rennibrautina upp á Esju, og hafi hann verið að reyna að hafa Ársæl ofan að þessu, að minnsta kosti milda það svolítið. Þá hafi Ársæll talað um, að hann vildi, að tvær jarðanna austur í Flóa yrðu eingöngu notaðar til skógræktar. Hafi hann því bent Ársæli á, að það þyrfti að útfæra þetta betur, sjá til þess, að í þetta yrðu lagðir peningar og einhver aðili tilnefndur til að koma þessu í framkvæmd. Ársæll hafði svarað því til, að það væri alltaf hægt að bæta því við seinna með reglugerð um sjóðinn eða með viðbótarerfðaskrá. Eftir þetta hafi hann hitt Ársæl tvívegis á götu, þar sem þetta atriði hafi komið til umræðu. Í fyrra skiptið hafi Ársæll minnst á þetta að fyrra bragði, að hann þyrfti að fara að lagfæra þetta, sem hann hefði gert með erfðaskránni, en það hefði ekki verið meira. Í seinna skipti, er hann hitti Ársæl, hafi hann gengið á eftir honum með þetta, en Ársæll engu til svarað.

Einnig hefur gefið vitnaskýrslu í máli þessu Hilmar Foss, löggiltur skjalaþýðandi og dómtúlkur. Í skýrslu hans kom fram, að hann hefði vottað undirskrift Ársæls á erfðaskrá hans, dagsettri 14. október 1984, og yfirlýsingu sama dag. Hann hefði komið heim til Ársæls samkvæmt beiðni hans ásamt frænda sínum til að votta skjöl þessi. Skjölin hefðu verið frágengin og Ársæll farið yfir þau og sagt frá efni þeirra og tilgangi. Ekkert hefði verið rætt um form skjalanna, þ. e. Ársæll virtist hafa talið sig vera að gera lög-mæta erfðaskrá. Vitnið minnst þess ekki, að Ársæll hefði rætt um, að fyrir lægi erfðaskrá sú, er Unnsteinn Beck hrl. gerði.

Þá hefur gefið vitnaskýrslu í máli þessu Reinhold Kristjánsson hdl. Hann kvað Ársæl og sig hafa verið nágranna á Hringbraut, þar sem hann hefði al-ist upp. Hann hefði oft hitt Ársæl á götu, sérstaklega í hádeginu. Hefði Ársæll þá nefnt við sig, að hann vildi láta sig gera nýja erfðaskrá. Hefði hann jafnframt sagt sér, að fyrir væri erfðaskrá, sem Unnsteinn Beck hefði útbúið. Ársæll hefði hins vegar ekki sagt sér frá því, af hverju hann vildi gera nýja erfðaskrá, né hefði hann sagt sér frá því, hvers efnis eldri erfðaskrá sín væri. Ársæll hefði síðan komið til sín 12. október 1989, og að beiðni hans hefði verið skrifað það, sem segir í yfirlýsingu á dskj. nr. 3. Af einhverjum ástæðum hefði svo ekkert orðið úr því, að erfðaskrá væri útbúin, en rætt hefði verið um, að það yrði gert á næstu dögum. Staðið hefði til, að Ársæll liti inn aftur, en ekki kom til þess. Vitnið kvaðst ekki vita ástæðuna til þess, að Ársæll vildi hafa yfirlýsinguna skriflega.

IV.

Sóknaraðilar reisa kröfu sína um, að erfðaskrá Ársæls Jónassonar, dag-sett 9. júlí 1983, verði ekki lögð til grundvallar skiptum á dánarbúinu, á

tvennu, annars vegar á því, að arfláti hafi afturkallað hana, en hins vegar á því, að hún sé markleysa og ógild vegna efnis síns.

Sóknaraðilar telja, að erfðaskráin frá 9. júlí 1983 hafi verið afturkölluð í skilningi 2. mgr. 48. gr. erfðalaga nr. 8/1962. Samkvæmt þeirri grein nægi, að arfleifandi láti ótvírætt í ljós, að hann afturkalli erfðaskrá sína, og sé hún þá úr gildi fallin. Ekki séu gerð nein ströng formskilyrði um afturköllun erfðaskráa, líkt og gert er um gerð erfðaskráa og breytingu á erfðaskrá. Þar sem engar formkröfur séu gerðar, geti tjáningarmáti varðandi afturköllun verið margs konar, ekki sé nauðsynlegt, að afturköllun sé gerð með berum orðum.

Sóknaraðilar telja, að með erfðaskrá Ársæls, dagsettri 14. október 1984, og yfirlýsingu hans sama dag, sbr. dskj. nr. 4 og 5, og með yfirlýsingu Ársæls Jónassonar og Reinholds Kristjánssonar hdl. frá 12. október 1989, sbr. dskj. nr. 3, hafi Ársæll látið ótvírætt í ljós vilja sinn til að taka erfðaskrána aftur í skilningi 2. mgr. 48. gr. erfðalaga, og sé hún því úr gildi fallin.

— — —

V.

Varnaraðilar reisa kröfur sínar á því, að erfðaskrá Ársæls Jónassonar, dagsett 9. júlí 1983, sé gild og að ekkert hafi komið fram í skjölum málsins né á annan hátt, sem leiði til ógildingar hennar. Ekki verði heldur talið, að Ársæll Jónasson hafi tekið erfðaskrána til baka. Ekkert dskj. nr. 3, 4, 5 og 6 uppfylli formkröfur erfðaskráa, og komi því ekki til skoðunar sem breyting á erfðaskránni né sem sjálfstæðar erfðaskrár. Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. laga nr. 8/1962 skal við breytingu á erfðaskrá gæta sömu formreglna og við gerð erfðaskráa.

— — —

VI.

Í máli þessu er til úrlausnar það álitaefni, hvort Ársæll Jónasson hafi afturkallað erfðaskrá sína frá 9. júlí 1983. Verði sú niðurstaða réttarins, að svo sé ekki, kemur einnig til úrlausnar, hvort erfðaskráin sé með slíkum efnisannmörkum, að telja verði hana ógilda.

Í 2. mgr. 48. gr. laga nr. 8/1962 segir: „Nú lætur arfleifandi ótvírætt í ljós, að hann afturkalli erfðaskrá sína, og er hún þá úr gildi fallin.“ Ákvæði þetta hefur verið skýrt þannig, að ekki þurfi að koma til formbundin eða skrifleg yfirlýsing frá arfleifanda um, að hann afturkalli erfðaskrá sína. Liggi slík yfirlýsing hins vegar ekki fyrir, hvílir sönnunarbyrðin á þeim, sem heldur því fram, að erfðaskrá hafi verið afturkölluð. Ljóst er af dómaframkvæmd, að ríkar kröfur verður að gera til sönnunar því, að erfðaskrá teljist afturkölluð með öðrum hætti en skriflegri yfirlýsingu arfleifanda.

Erfðaskrá sú, sem er á dskj. nr. 6, er ódagsett og óundirrituð. Er því ekki vitað, frá hvaða tíma hún er, þ. e., hvort hún er gerð fyrir eða eftir, að Ársæll undirritaði erfðaskrá sína 9. júlí 1983. Eigi er heldur vitað, hver samdi hana. Kemur því ekki til álita, að erfðaskrá þessi feli í sér afturköllun Ársæls á erfðaskránni 9. júlí 1983.

Því hefur verið haldið fram af sóknaraðilum, að með erfðaskrá, dagsettri 14. október 1984, og yfirlýsingu sama dag, sbr. dskj. nr. 4 og 5, hafi Ársæll gert svo mikla breytingu á erfðaskrá sinni frá 9. júlí 1983, að telja megí hana afturkallaða, þar sem breytingar þessar fái ekki samrýmst efnislega.

Við skýringu á erfðaskránni er það grundvallarsjónarmið ríkjandi, að ganga beri úr skugga um, hvað fyrir arfleifanda hafi vakað, er hann gerði viðkomandi arfleifðslugerning. Þegar metið er, hvort erfðaskrá Ársæls Jónassonar frá 14. október 1984 og yfirlýsing sama dag gangi í berhögg við erfðaskrá hans frá 9. júlí 1983, hlýtur því að ráða úrslitum, hvernig það mál horfði við honum sjálfum. Í erfðaskrá, dagsettri 14. október 1984, segir orðrétt: „Hér er skráð viðbót og breytingar við erfðaskrá, er Unnsteinn Beck gerði 9. júlí 1983.“ Í yfirlýsingu, dagsettri 14. október 1984, segir orðrétt: „Hér er gerð viðbót og þar með breyting á erfðaskrá minni, er Unnsteinn Beck gerði 9. júlí 1983.“ Ljóst er því, að Ársæll taldi sig vera að gera breytingar og viðbót við erfðaskrána frá 9. júlí 1984. Hann hefur ekki litið svo á, að um afturköllun á erfðaskránni væri að ræða. Hins vegar er áhorfsmál, hvort erfðaskrá Ársæls, dagsett 14. október 1984, og yfirlýsing sama dag gangi svo ótvírætt í berhögg við erfðaskrá hans frá 9. júlí 1983, að honum hefði ekki átt að geta dulist það, að skjöl þessi fælu í raun í sér afturköllun á henni. Erfðaskráin frá 14. október 1984 er efnislega áþekk erfðaskránni frá 9. júlí 1983. Mælt er fyrir um stofnun sjóðs, er beri nafn Ársæls. Tiltekið er, hverjir skuli sitja í stjórninni. Er um sömu aðila að ræða að því undanskildu, að í stað formanns Björgunarsveitarinnar Ingólfs er kominn formaður Slysavarnafélags Íslands í Reykjavík. Í báðum erfðaskránum er lagt bann við sölu fasteigna. Meginbreytingin felst í því, að þrír aðilar njóta styrkja úr sjóðnum í stað tveggja áður. Nýr gjafþegi bætist við, þ. e. rithöfundur, blaðamaður eða hver sá maður, sem ritar og uppfræðir um kennslu í verklegri sjóvinnu. Þá nefnir Ársæll Björgunarsveit Slysavarnafélags Íslands í Reykjavík gjafþega í stað Björgunarsveitarinnar Ingólfs. Tilgangur styrkveitinganna til ferðafélagsins og björgunarsveitarinnar er enn hinn sami, þ. e. annars vegar að gera vélknúna strengjabraut upp á Kistufell í Esju, en hins vegar að styrkja björgunarverkefni. Ljóst er því, að Ársæll hefur hugsað sér að bæta við nýjum gjafþega á kostnað hinna fyrri. Þeir fá nú $\frac{1}{3}$ hluta árstekna sjóðsins þriðja hvert ár í stað $\frac{1}{2}$ hluta árstekna sjóðsins annað hvert ár.

Fram hefur komið í málinu, að Slysavarnafélag Íslands skiptist í margar deildir, og nefnist Reykjavíkurdeildin Ingólfur. Björgunarsveit Ingólfs er því í raun sami aðili og Björgunarsveit Slysavarnafélags Íslands í Reykjavík. Ekki verður því fullyrt, að um afturköllun á gjafþega sé að ræða að þessu leyti.

Í yfirlýsingu, dagsettri 14. október 1984, mælir Ársæll fyrir um, að frændi sinn, Jónas Halldórsson, og Sigurður, sonur Jónasar, megi hafa afnot af bíl-skúr við Vesturgötu 63. Þá mælir hann fyrir um, að björgunarsveitarmenn skuli hirða um leiði eiginkonu sinnar og tiltekinna skyldmenna. Ekki verður annað séð en breytingar þessar séu samrýmanlegar erfðaskránni frá 9. júlí 1983. Fasteignina Hringbraut 63 má ekki selja, og því stangast afnotaréttur feðganna ekki á við ráðstöfunarrétt sjóðsins á fasteigninni. Samkvæmt framansögðu verður því ekki talið, að erfðaskrá Ársæls frá 14. október 1989 og yfirlýsing hans sama dag feli í sér svo mikla breytingu á erfðaskránni frá 9. júlí 1983, að hún sé í raun óframkvæmanleg og því beri að líta á hana sem afturkallaða. Aftur á móti verður ekki litið á breytingar þessar sem gildar, þar sem þær fullnægja ekki skilyrðum 1. mgr. 48. gr. laga nr. 8/1962.

Sóknaraðilar hafa haldið því fram, að í yfirlýsingu Ársæls Jónassonar og Reinholds Kristjánssonar hdl. 12. október 1989 komi skýrt fram, að Ársæll ætli gjafþegum samkvæmt erfðaskrá sinni frá 9. júlí 1983 engan hlut í arfi eftir sig, og sé það fullnægjandi sönnun fyrir því, að hann hafi ótvírætt tekið aftur erfðaskrána. Eins og fram hefur komið í málinu, bað Ársæll Reinhold Kristjánsson hdl. að útbúa erfðaskrá sína með ákveðnu efni. Ársæll tjáði Reinhold jafnframt, að fyrir lægi erfðaskrá, er Unnsteinn Beck hrl. hefði útbúið, en hann vildi nú breyta henni. Reinhold skrifaði hjá sér, hvers efnis erfðaskráin ætti að vera. Samkvæmt því áttu allar eigur Ársæls að renna í sjóð. Úr sjóðnum skyldi síðan greiða sem næmi 45% af árlegum vöxtum til skógræktar á landareignum hans að Miðmeðalholti, Flóa, Árnassýslu, og Pingdal, Flóa, Árnassýslu. Varð að samkomulagi með Reinhold og Ársæli, að hinn fyrrnefndi myndi útfæra fyrir hann erfðaskrá á næstu dögum. Af því varð þó ekki, og andaðist Ársæll tæpum sex mánuðum síðar án þess að hafa gert nýja erfðaskrá, svo að vitað sé. Í 2. mgr. 48. gr. laga nr. 8/1962 er áskilið, að arfleifandi afturkalli erfðaskrá sína með ótvíræðum hætti. Verður því að gera þá kröfu, að um fullnaðarákvörðun hans sé að ræða. Ráðagerðir arfleifanda um að gera nýja erfðaskrá verða almennt ekki taldar fela í sér slíka fullnaðarákvörðun. Með hliðsjón af þessu, og einnig því, að líkur leiða til þess, að Ársæll hafi einungis ætlað að breyta erfðaskránni frá 9. júlí 1983 með gerð nýrrar erfðaskrár, verður ekki talið, að yfirlýsing hans og

Reinholds Kristjánssonar hdl. feli í sér ótvíræða afturköllun hans á erfðaskránni.

Þar sem niðurstaða réttarins er sú, að sóknaraðilum hafi ekki tekist að færa að því sönnur, að Ársæll Jónasson hafi á þann ótvíræða hátt, er 2. mgr. 48. gr. laga nr. 8/1962 krefst, látið í ljós vilja sinn til að afturkalla erfðaskrá sína frá 9. júlí 1983, kemur til úrlausnar, hvort erfðaskráin sé með slíkum efnisannmörkum, að telja verði hana ógilda. Því hefur verið haldið fram af hálfu sóknaraðila, að ákvæði erfðaskrárinnar þess efnis, að framlögum úr sjóðnum skuli varið til að gera vélknúna strengjabraut upp á Kistufell í Esju, sé víðáttufjarri öllum raunveruleika og algjör markleysa. Þá séu ákvæði í erfðaskránni um bann við sölu eigna og ráðstöfun fjár úr sjóðnum með þeim hætti, að þau séu vart framkvæmanleg, svo að vit sé í. Rétturinn getur fallist á, að um allsérstæð ákvæði sé að ræða. Hins vegar ber að líta til þess, að Ársæll var félagi í Ferðafélagi Íslands frá árinu 1941 og því ekki óeðlilegt, að hann vildi stuðla að greiðari samgöngum fyrir ferðafólk með einhverjum hætti. Enda þótt erfðaskráin banni sölu eigna, er ljóst, að í búi þessu eru það miklir fjármunir, að arður af þeim mun vera töluverður, þrátt fyrir það að leggja verði fram fé til viðhalds þeirra eigna, sem bannað er að selja. Verður því ekki á það fallist með sóknaraðilum, að framangreind ákvæði erfðaskrárinnar beri að meta ógild á grundvelli 39. gr. laga nr. 8/1962.

Samkvæmt þessu verður erfðaskrá Ársæls Jónassonar frá 9. júlí 1983 lögð til grundvallar við skipti á dánarbúi hans.

Með hliðsjón af atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kolbrún Sævarsdóttir, fulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila máls þessa er hafnað.

Erfðaskrá Ársæls Jónassonar, dagsett 9. júlí 1983, skal lögð til grundvallar við skipti á dánarbúi hans.

Málskostnaður fellur niður.